

Mál nr. 406/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar. Vátryggðir.

Gögn.

220. Málskot mótttekið 30. október 2023, ásamt fylgiskjölum.

221. Bréf V dags. 4. desember 2023, ásamt tölvupóstsamskiptum M og V.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamsárás aðfarnótt 10. september 2022. Faðir M (X) er vátryggingartaki fjölskyldutryggingar hjá V og í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V segir í gr. 1.1.: „Vátryggðir eru vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.“

M telur að hann sé vátryggður í fjölskyldutryggingu X og eigi því rétt til bóta úr slysatriggingu þeirrar tryggingar. M bendir á að hann hafi enn verið búsettur í foreldrahúsum, þar sem hann hafi sama lögheimili og faðir hans, en ætlað að stunda nám á öðrum stað á landinu það haust. Ekkert hafi orðið af því námi þar sem M hafi orðið fyrir líkamsárás daginn fyrir skólasetningu því ekki byrjaður í því námi þegar árásin átti sér stað. M vísar til yfirlýsingar skólastjóra skólans sem M ætlaði að stunda nám í um að skólasetning hefði átt sér stað 10. september 2022. M vísar til 2. mgr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 þar sem komi fram að í fastri búsetu geti falist að einstaklingur sé fjarverandi um stundarsakir vegna t.d. náms. M telur að V geti ekki túlkað lögheimili með öðrum hætti en tilgreind lög og þau geri ráð fyrri búsetu á fleiri stöðum án þess að lögheimili þurfi að breytast.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að þrjú skilyrði komi fram í gr. 1.1. um hverjir séu vátryggðir í fjölskyldutryggingu vátryggingartakans X. V telur að uppfylla verði öll þrjú skilyrðin og vísar til tölvupósts M til V dags. 11. október 2023 um að hann hafi búið annars staðar en á lögheimili sínu hinn 10. september 2022 og þannig hafi hann ekki uppfyllt tvö síðustu skilyrði gr. 1.1. um að búa á sama stað og hafa sameiginlegt heimilishald með föður sínum á tjónsdegi.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi stöðu vátryggðs í fjölskyldutryggingu föður síns. Ljóst er af gr. 1.1. í vátryggingarskilmálum að V hefur nýtt heimild 4. mgr. 39. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 til að semja sig frá ákvæði 1. mgr. sömu greinar sem tilgreinir hverjir séu vátryggðir í vátryggingum eins og fjölskyldutryggingu V. Orðalag ákvæðis 1.1. í vátryggingarskilmálum V er skýrt og algengt hvað varðar skilyrði þau sem þarf að uppfylla til að teljast vátryggður í vátryggingum sem þessum. Ljóst er að M uppfyllir skýrlega skilyrði um að vera með sama lögheimili og X, en til þess að teljast vátryggður þarf hann einnig að búa á sama stað og hafa með honum sameiginlegt heimilishald. Það eru sjálfstæð skilyrði sem lúta ekki túlkun á lögum um lögheimili. Upplýsingar M sjálfs benda eindregið til þess að hann hafi farið á annan stað á landinu með þá fyrirætlun að stunda þar nám vetrarlangt. Þó ekki hafi orðið af náminu vegna afleiðinga líkamsárásar þeirrar sem hann krefst bóta vegna úr slysatriggingu fjölskyldutryggingar, verður að líta svo á að M hafi með þeim fyrirætlunum og því að vera kominn á þann stað sem hann hugðist stunda nám, búið á þeim stað og haft sameiginlegt heimilishald með væntanlegum samnemendum sínum þegar tjón varð. M hefur því ekki sýnt fram á að tilgreind tvö skilyrði gr. 1.1. í vátryggingarskilmálum hafi verið uppfyllt á tjónsdegi.

Niðurstaða.

M telst ekki vátryggður í fjölskyldutryggingu vátryggingartaka hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir